

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
b/t. nefndarritara Austurstræti 8-10
150 Reykjavík Reykjavík,

21. apríl 2017

Efni: Fjármálaáætlun 2018–2022 , 402. mál, þingsályktunartillaga.

Undirrituð sem eru í forsvari fyrir meirihluta gistifyrirtækja á Íslandi vilja koma koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við fyrirætlanir sem koma fram í fjármálaáætlun 2018-2022.

Hæstu skattar á gistingu í Evrópu

Með 24% og síðar 22,5% VSK á gistingu verður VSK á gistingu næst hæsta skatthlutfall í Evrópu. Eingöngu Danmörk er með herra hlutfall. Danmörk býður hins vegar upp á 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti á gistingu fyrir fundi og ráðstefnur í flóknu og dýru endurgreiðslukerfi.¹ Árið 2013 var lagt á svokallað gistináttagjald, 100 kr. á hverja selda gistinótt. Sá skattur þrefaldast á þessu ári. Ísland er eina landið á Norðurlöndunum sem innheimtir gistináttagjald. Ef fer sem horfir verður heildarskattbyrði á gistingu á Íslandi sú hæsta í Evrópu. Þetta verður sérstaklega íþyngjandi fyrir funda og ráðstefnuhald en slíkir ferðamenn eru verðmætustu gestir hvers lands og hörð samkeppni er um þá.

Tvöföldun VSK eykur líkur á skattsvikum og ólöglegri gistingu

Þrátt fyrir að búið sé að rýmka og einfalda reglur vegna leigu á íbúðarhúsnæði fyrir ferðamenn (t.d. AirBnB) er einungis lítið hlutfall þeirra skráð. Í apríl 2017 voru 289 rými skráð sem er einungis lítið hlutfall af starfsemi sem er í beinni samkeppni við hótél og aðra löggilta gististaði.² Samkvæmt skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna frá mars sl. voru að meðaltali 2.000 virk gistirými í Reykjavík árið 2016, af skráðum gististöðum eru 108 í Reykjavík. Tvöföldun virðisaukaskatts eykur ávinning óskráðra gististaða og fjölgar þeim.³

Tvöföldun VSK kemur verst niður á landsbyggðinni

Rekstraraðilar í gistiþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins eru viðkvæmari fyrir aukinni skattbyrði en aðilar á suðvesturhorninu. Þrátt fyrir að mikil fjölgun hafi orðið á gistirýmum á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum hefur einnig orðið mikil uppbygging á landsbyggðinni, sem er mikilvægt fyrir greinina. Uppbygging gistirýma á landsbyggðinni auðveldar dreifingu ferðamanna um landið og minnkar þannig álagspunkta. Það er hins vegar ljóst að ef bakslag kemur í ferðaþjónustunni mun vetrarumferðin minnka og um leið verður hraður samdráttur í rekstri landsbyggðarhótela. Loks ber að nefna að uppbygging gistirýma á landsbyggðinni hefur skapað fjölda heilsársstarfa sem verða í hættu með tvöföldun VSK. Það liggur einnig í hlutarins eðli að með samdrætti í rekstri landsbyggðarhótél dragast VSK tekjur ríkisins saman vegna samhliða samdrætti í vörum og þjónustu tengdri hótél- og gististaðarekstri sem og annarri ferðaþjónustu.

Breytingin flækir skattaumhverfi gististaða

Sú breyting sem fyrirhuguð er einfaldar ekki skattkerfið heldur flækir það þar sem rekstraraðilar í gistingu munu eftir breytingu þurfa að starfa með tvö virðisaukaþrep, 11% fyrir veitingar en 22,5% fyrir gistingu. Rök fjármálaráðuneytisins (FJR), um að til standi að einfalda skattkerfið með því að færa gistirými í efra þrep, standast því ekki. Þess utan er tvöföldun VSK á miðjum háannatíma (júlí 2018) og sú aðgerð að lækka hann aftur nokkrum mánuðum síðar heldur ekki til þess fallin að einfalda kerfið. Að sama skapi og m.t.t. markaðssetningar Íslands sem áfangastaðar er það slæm tilhugsun að skattar skuli hækka á miðjum háannatíma. Það verður erfitt fyrir rekstraraðila gistirýma að útskýra fyrir viðskiptavinum sínum og erlendum samstarfsaðilum af

¹<http://www.visitdenmark.com/denmark/business-events/full-vat-exemption-your-next-business-event-denmark>

² <https://levfi.island.is/home/heimagisting>


³ <https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fvirtaeki/Isensk-ferdathjonustaskvrsla2017-LO.PDF>

hverju gistirými sem kostaði X í lok júní 2018 kostar síðan mun meira í byrjun júlí sama ár. Öll verðlagning gistirýma miðast við tímabil (sumar, vetur, axlatíma, áramót o.fl.) og það má öllum vera ljóst að júní og júlí tilheyra sama tímabili.



Rekstrarumhverfi gististaða þyngist stöðugt

Raungengið og rekstrarumhverfið hefur undanfarið gert fyrirtækjum í ferðaþjónustu erfitt fyrir. Hærra raungengi kallar á verðhækkanir sem valda litlum fyrirtækjum miklum erfiðleikum, ekki síst á landsbyggðinni. Fyrirtækin eru skuldsett og hafa verið að glíma við miklar kostnaðarhækkanir, m.a. hærri kjarasamninga, og háan fjármagnskostnað enda eru vextir hærri hér en í nágrennalöndunum.

Raungengi og EBIDTA (framlegð % af tekjum) af rekstri gististaða



Afkoma í gististöðum er neikvæð þegar EBIDTA er um 14% og raungengið er um 80. Nú er raungengið í 98. Þá hafa laun hækkað mjög á undanförunum árum eins og sjá má af þessum myndum frá Hagfræðideild Landsbankans.⁴ Allt þetta hjálpast að við að gera rekstrarumhverfi gististaða erfiðara.



Tvöföldun VSK á gistingu fjölgar íbúðum í heimagistingu og eykur þar með húsnæðisvandann

Tvöföldun VSK á gistingu og þreföldun á gistingu á gistingu mun hafa eftirfarandi afleiðingar:

- Ávinningur af svartri starfsemi eykst.
- Hvati löglegra gististaða til að mæta eftirspurn minnkar.
- Fjölgun ferðamanna verður mætt með aukinni heimagistingu.
- Fleiri íbúðir verða teknar undir gististarfsemi sem eykur á húsnæðisvanda ungs fólks.

Hætt er við að þróun í þessa átt verði hraðari nema farið verði í mjög harðar lögregluáðgerðir gegn óskráðri gistingu, með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkið og skattgreiðendur.

⁴ <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2017-02-28-Launa-og-kaupmattarthroun.pdf>

Ísland á í harðri samkeppni við aðrar þjóðir um ferðamenn.

Jafnvel þó svo að hér hafi verið vöxtur í ferðaþjónustu á síðustu árum er ekkert fast í hendi með að svo verði áfram. Á bak við þennan vöxt liggur þrotlaus vinna með markaðssetningu, tengslamyndun og innviðaupbyggingu (bæði einkaaðila og opinberra aðila) sem þarf að halda áfram. Gistimöguleikar er eitt af því fyrsta sem ferðamenn (og ferðaskrifstofur) athuga þegar velja á áfangastað. Á síðasta ári tóku Írar ákvörðun um að hafa ferðaþjónustu áfram í neðra þrepi VSK, til að sporna við áhrifum af gengissveiflum og lágir skattar á ferðaþjónustu beinlínis juku tekjur írska ríkisins.⁵ Hærri skattbyrði íslenskra gististaða mun hækka verð á gistingu, sem leiðir til þess að samkeppnin við önnur lönd verður erfiðari og sú mikla vinna sem hefur farið í fyrrnefnd atriði til að marka Ísland sem eftirsóknarverðan áfangastað verður færð langt aftur í tímann.

Ofangreindar athugasemdir eru bara hluti alls þess sem hægt er að tína til gegn þeim hugmyndum um að tvöfalda virðisaukaskatt á gistingu. Löggjafinn og framkvæmdavaldið eiga að hlúa að atvinnulífnum í landinu, búa til skilyrði fyrir verðmætasköpun sem tryggir atvinnu um allt land. Stórfelld skattahækkun á greinina núna við þau rekstrarskilyrði sem hún býr við er ekki bara umhugsunarverð heldur beinlínis hættuleg undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Nú þegar hefur verið samþykkt þreföldun á gistináttagjaldi, og fyrir liggur frumvarp samgönguráðherra um að heimila innheimtu bílastædagjalda utan þéttbýlis auk þess eru þjóðgarðar eru farnir að leggja grunn að nýta gjaldtökuheimild sína⁶. Allt leggst það á sama veg, að auka álögur á ferðaþjónustu á sama tíma og rekstrarskilyrði versna. Það er ósk okkar að löggjafarvaldið sýni aðgát, líti til rekstrarskilyrða gistipjónustu á Íslandi og tvöfalda ekki virðisaukaskatt á greinina án þess að kannað sé til hlítar hvaða áhrif slík hækkun muni hafa á rekstur fyrirtækja um allt land. Eins hvetjum við til þess að unnið verði markvisst gegn óskráðri og ólöglegri starfsemi þar sem ríkisvaldið verður nú þegar af miklum tekjum.

Undirrituð eru tilbúin að koma til fundar við fjárlaganefnd til nánari skýringa og upplýsinga ef óskað er eftir því.




Kristófer Oliverson
Framkvæmdastjóri
CenterHotels



Ólafur Torfason
Stjórnarformaður Íslandshótela

Virðingarfyllst,
F.h. Icelandair Hotels



Magnea Þórey Hjálmarsdóttir,
framkvæmdastjóri



Páll L. Sigurjónsson
Framkvæmdastjóri Kcahótela

⁵ <http://www.newstalk.com/Budget-2017:-Tourism-sector-retains-special-VAT-rate>

⁶ http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/04/19/rafraen_rukkun_i_thjodgardinum/

fh. eftirfarandi fyrirtækja í gistiþjónustu

22 Hill Hotel – THC ehf.	650614–0890
701 Hótel	540605–1490
Akureyri Backpackers – hostel	450711–1360
Arctic Comfort Hotel	650906–0550
Capital–Inn,	690208–0320
City Center Hótel	471204–2340
City Park Hótel,	531215–1220
Diamond Suites	690186–1369
Forsæla apartmenthouse – Forsæla ehf	460602–4830
Fosshótel Reykjavík	691209–4740
Geo Hótel – Gott lag ehf	411299–2879
Hótel Akureyri	640912–0220
Hótel Aldan Seyðisfirði – Húsahótel ehf	510703–2510
Hótel Búðir	470900–2370
Hótel Bláfell	610109–0200
Hótel Borgarnes	630169–6669
Hótel Cabin	701202–2280
Hótel Grímsborgir	620808–0590
Hótel Hafnarfjörður	460700–2640
Hótel Húsafell / Húsafell Resort	500214–0740
Hótel Hvolsvöllur – Sonata hótel ehf.	481097–2319
Hótel Keflavík	690186–1368
Hótel Keilir	701288–1229
Hótel Kjarnalundur	660515–1350
Hótel Klettur	470311–0450
Hótel Saga	461015–0340
Hótel Selfoss	480605–1870
Hótel Sveinbjarnargerði – Sólfjörð Hótel	460115–0190
Hótel Varmaland	010666–4579
Hótel Örk	710398–2919
Hótel Ísafjörður	670575–0399
Icelandair Hotels – Flugleiðahótel ehf.	621297–6949
Íslandshótel	630169–2919
Keahótel	601299–7049
Miðbæjarhótel/CenterHotels	450905–1430
Núpur hostel	540308–0120
Room With a View Hotel – IHC ehf.	630693–2419
Sel – Hótel Mývatn – Mývatn ehf.	520491–1399
Sigló Hótel – Rauðka ehf	500807–1210
Sæluhús Akureyri	591200–3130
Stay Apartments –Stay ehf.	480402–2430
Vogafjós v. Mývatn – Vogabú ehf	480507–3200